

**Nd.**

**289. Frumvarp**

til laga um mótkak.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Nú á maður eða hefir umráð á landi, þar sem mótkak er aflögu, og er hann þá skyldur til að láta það af hendi til mótkaks, eftir því sem nauðsyn er á og eftir þeim reglum, sem settar eru i lögum þessum. Eigendur eða leigjendur lands eru einnig skyldir til að leyfa að þurka, hlaða upp og geyma í landi sinu mó þann, sem þar er tekinn upp.

Ef ágreiningur verður milli eiganda eða umráðamanns mólands og þess, er óskar mótkaks, um, hvort hinn fyrnefndi hafi mótkak aflögu og hvort hinum síðarnefnda sje nauðsyn á mótkaki á þeim stað, eða hvar í landinu megi þurka og geyma mó, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þar sem mólandið er, skera úr, og verður þeim úrskurði eigi áfrýjað. Meðan nægilegt móland er innan takmarka hrepps eða kaupstaðar, er óheimilt mótkak utan þeirra takmarka, nema aðiljar sjeu ásáttir um eða miklum mun auðveldara að ná mónum vegna aðdráttu.

**2. gr.**

Sá, sem þarfnað mótkaks og nær eigi viðunánlegum samningum við eiganda eða umráðamann mólands, getur krafist þess af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem hann er búsettur, að hún gefi honum vottorð um, hversu

mikið hann teljist þurfa af mó til 1 árs. Með vottorð þetta getur hann snúið sjer til bæjarsógeta eða sýslumanns og fengið hjá honum kvadda 2 hæfa og óvilhalla menn til að meta gjald fyrir mótaskað, er hann þarfnað samkvæmt vottorði hreppsnefndar. Rjett er og, að fleiri sjeu saman um að fá tilnefnda matsmenn, og bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur einnig fengið tilnefnda menn til að meta gjald fyrir mótaskað handa fleiri eða færri af ibúum kaupstaðarins eða hreppsins, eða handa ibúum ákveðins hluta hrepps eða kaupstaðar, en tilgreina skal þá jafnan, hversu mikið ætla megi að þurfi af mó.

### 3. gr.

Gjald fyrir mótaskað, þurkun móslu, upphleðslu, geymslu, hnausstungu, torfristu og átroðning, skulu hinir kvöddu menn meta, eftir gæðum móslu, þykt hans, legu mólands og gæðum, og yfirleitt öllu, sem máli skiftir um verðmæti hans og mólandsins. Þó má gjaldið venjulega eigi vera hærra en 10% umfram það gjald, sem tekið var fyrir mótaskað á þeim stað árið 1917; en hafi enginn mór þá verið tekinn þar, skal hafa hliðsjón af sliku gjaldi á því ári i sama bygðarlagi. Nú er móland leigujarðar tekið samkvæmt lögum þessum, og skiftist gjaldið þá milli landsdrottins og leiguliða, eftir mati sömu manna, nema aðiljar komi sjer saman um skiftinguna.

### 4. gr.

Sá, sem fær mótaskað samkvæmt lögum þessum, er skyldur til að ganga þannig frá mógröfum, að skepnum stafi eigi veruleg hætta af.

### 5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—1000 kr., og fer um mál út af slikum brotum sem um almenn lögreglumál.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan Norðurálfuófriðurinn stendur, Þó skulu ákvæði 3. gr. gilda um gjald fyrir mótaskað á árinu 1918.